

Ed.

304. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um 580 milljónir króna í erlendum innstæðum.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvenær og með hverjum hætti hafa ríkissjóði áskotnast 580 milljónir króna í reiðupeningum, án þess að þessarar fjárhæðar sé getið í skjölum Alþingis? Og að hve miklu leyti hefur þessari fjárhæð nú þegar verið ráðstafað til að kaupa 30 ný-tízku togara, heilan vélbátafloata, til raflagna um landið, til stórfenglegra verksmiðju-bygginga og víðtækra ræktunarframkvæmda?

Greinargerð.

Fyrir einum mannsaldri hafði Alþingi í þjónustu sinni óvenjulega reiknings-glöggan mann. Við samlagningu á liðum fjárlagafrumvarpsins í þinginu komst hann að þeirri niðurstöðu, að tekjuliðir fjárlaganna mundu gefa 100 þús. kr. meira en fjárveitinganefnd hafði búizt við. Vakti þetta mikla athygli, og þótti þingmönnum miklu skipta, ef stærðfræðingurinn hefði á réttu að standa. Á þeim tíma voru 100 þús. kr. mikil fjárhæð, þar sem í mörg horn var að lita, en af litlu að taka. En þegar til kom, varð sú reyndin, að þingnefndin hafði lagt rétt saman. Alþingi fékk ekki þessar óvæntu 100 þús. kr. til ráðstöfunar.

Við nýafstaðnar útvarpsumræður kviknuðu stórhuga vonir í brjóstum margra þingmanna og annarra borgara í landinu, þegar talsmaður Sameiningarflokks alþýðu tilkynnti öllum landslýð í ýtarlegri ræðu, að ríkið hefði yfir að ráða allt að 580 milljónum króna í reiðufé fram yfir það, sem Alþingi hefði áður vitað um. Ræðumaður tilkynnti enn fremur í aðaldráttum skiptingu þessa fjár til margháttaðra framkvæmda. Átti meginhlutinn að ganga til að koma upp glæsilegum veiðiskípaflota og skipum til millilandasiglinga. Var helzt að heyra á ræðumanni, að ekki mundi þurfa að grípa til hins umdeilda gróða Eimskipafélags Íslands til skipakaupa, því að nóg væri til í hinum fengsæla ríkissjóði. Væri hluthöfum því gefin bending um að nota gróða félagsins á annan og nærtækari hátt. — Þegar búið var að koma upp stórkostlegum flota til veiða og siglinga um úthöfin, sneri talsmaður 580 milljónanna sér að ræktun landsins, allsherjar rafleiðslum um það land, sem ekki á að leggja í eyði, verksmiðjum til sementsgerðar, áburðarvinnslu og síldarbræðslu.

Þar sem hér er um alveg óvenjulega mikla fjármuni að ræða og jafnvel gert ráð fyrir, að þing og stjórn geti aukið farsæld fólksins í landinu með einhverjum tilteknum aðgerðum, virðist ekki vera hægt að komast hjá að biðja ríkisstjórnina um sæmilega nákvæma skýrslu um það, hvernig og hvenær ríkið hefur eignast þennan gilda sjóð og hvort umræddur þingmaður hefur skipt fénu að einhverju leyti á vegum ríkisstjórnarinnar.

Þingmenn í fjárveitinganefnd hafa enga hugmynd um tilkomu þessara miklu ríkiseigna. Þeir hafa einmitt ár eftir ár — eins og sjálf ríkisstjórnin — verið í mestu vandræðum með fé til daglegra útgjalda við margháttaðar framkvæmdir, svo sem vegagerðir, símalagningar, hafnarbætur o. s. frv.

Af þessum ástæðum er nú nokkur óvissa í hugum manna um þessar 580 milljónir eins og áður fyrr um 100 þús. kr. samlagningarvillu fjárlaganna. Óvissa manna um þetta efni hefur aukizt nokkuð við það, að í byrjun hálf tímaræðu hins umrædda þingmanns var sjóðurinn 500 milljónir, en óx á nokkrum mínútum um 80 milljónir króna. Og þessi óvissa hefur breytzt í nokkurn ugg, þegar byrjað er að leiða getur að því, að hér sé ekki um annað að ræða en sparisjóðsinneign 100 þúsund Íslendinga og að eina leiðin til þess, að ríkið geti eignast þessa glæsilegu fjárhæð, sé sú að gerfella íslenzku krónuna, svo að hún verði einskis virði, og láta ríkið síðan slá eign sinni á erlendu innstæðurnar, sem eru nú einkaeign sparifjáraeigenda í landinu.

Þess er vænt, að fjármálaráðherra geti mjög bráðlega skýrt þetta mál, svo að ekki leiki á tveim tungum um eignarrétt og yfirráð þessara 580 milljóna.